

Ed.

475. Nefndarálit

um frv. til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd hefir gert sjer allmikið far um að íhuga frumvarp þetta og kynna sjer sem best ýms þau atriði, er standa í sambandi við málefnið.

Hefir nefndin í því sambandi leitað álits og upplýsinga fræðslumálastjóra. Einnig haldið einn sameiginlegan fund með mentamálanefnd Nd.

Allir nefndarmenn eru sammála um það, að hin mesta þörf sje á skóla hjer í Reykjavík, er geti veitt ungmennum þá framhaldsfræðslu — eftir að þau koma úr barnaskólunum — sem nauðsynleg verður að teljast hverjum borgara þjóðfélagsins.

Einnig er nefndin ásátt um það, að þar sem nú býr fullur fimti hluti allra landsmanna í Reykjavík, þá sje bersýnilegt, að úr þessu verði ekki til lengdar komist hjá því að verða við rjettmætum kröfum um ungmennaskóla hjer í bænum.

Hinsvegar eru nefndarmenn ekki að öllu sammála um þær leiðir, sem beri að fara í skólamálinu. Tveir nefndarmennirnir líta svo á, að rjett sje, að minsta kosti í byrjun, að taka þá stefnu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir: að byrja í smáum stíl, þreifa sig áfram, láta reynsluna segja til, hvað við á, og skólann að vissu leyti vaxa upp með kynslóðinni, sem á að njóta hans.

Þess vegna er gert ráð fyrir mörgum námsgreinum, sem svo má velja um, og tímakennurum, sem siðar gætu orðið fastir starfsmenn, er reynslan hefði sýnt — bæði sjálfum þeim og öðrum — að starfið væri þeim hugleikið og færi vel úr hendi.

Nokkuð líkt yrði um húsakost skólans. Fyrst yrði að notast við lánuð hús, en með tímanum eignaðist skólinn — með atbeina ríkisins og bæjarfélagsins — þau hús, er reynslan sýndi, að hann þarfnaðist. Tvent gæti unnist með þessu: reynslan gæfi sínar bendiugar um þörfina og húsin ættu að verða að mun ódýrari í heild.

Einn nefndarmaður (J. Þ.) vill þegar í upphafi ákveða eða heimila nokkru frekari aðgerðir skólanum til eflingar en í frv. felst. Mun hann með breytingartillögum, svo og í sjerstakri framsögu, skýra deildinni frá sjerstöðu sinni.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara sem forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara sem fyrsti kennari sama skóla.

Alþingi, 12. mars 1928.

Páll Hermannsson, Erlingur Friðjónsson, Jón Þorláksson,
form. og frsm. fundaskrifari. með fyrirvara.